

Greinargerð um ráðstöfun styrkfjár til aðgerða gegn brotthvarfi

Nafn skóla: Menntaskólinn á Tröllaskaga

Ábyrgðarmaður: Lára Stefánsdóttir

Netfang ábyrgðarmanns: lara@mtr.is

Heiti verkefnis: Samfella stuðnings milli grunn- og framhaldsskóla

Styrkupp hæð frá MRN: 500.000 kr

Aðrir styrkir: Ekki var um það að ræða

Brotthvarf skólaársins 2018-2019. Hver var fjöldi nemenda sem hættu í námi áður en til

lokanámsmats kom? Á haustönn sögðu 22 nemendur af 337 sig frá námi og á vorönn 21 nemandi af 346.

Sundurliðaður kostnaður:

Upphafleg fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að verkefnið kostaði 875.000 í ljósi þess að styrkur sem fékkst var 500.000 var eilítið dregið úr en skólinn bætti inn í verkefnið. Auk þessa sérverkefnis var unnið hefðbundið að nemendajónustu þar með talin vinna vegna brotthvarfs.

Kostnaðar- og tekjupættir	Gjöld	Tekjur
Skilgreining verkefnis og samstarfsfundir	300.000	
Sérfræðiaðstoð (sálfræðingur)	186.300	
Skilgreining aðferðafræði og aðlögun reynslu	116.700	
Mat	210.000	
Tekjur frá Menntamálstofnun vegna verkefnis		500.000
Fjármagn frá skóla		313.000
Samtals	813.000	813.000

Stutt lýsing á verkefninu:

Vorið 2018 hlaut Menntaskólinn á Tröllaskaga styrk frá Menntamálastofnun til að vinna að því að draga úr brottfalli. Verkefnið sem heitir “Samfella stuðnings milli grunn- og framhaldsskóla” er sérstaklega hugsað vegna nemenda sem teljast “stirðir til náms” og uppfylla t.a.m. ekki hæfniviðmið fyrsta þreps í ensku, íslensku, dönsku og stærðfræði við komu í framhaldsskóla, hafa glímt við líkamlega eða andlega erfiðleika við lok grunnskóla eða skólaforðun. Verkefnið gerir ráð fyrir fyrir teymisvinnu með grunnskóla í samráði við forráðamenn nemenda sem líklegir eru til að ljúka ekki námsmarkmiðum grunnskólans við komu í framhaldsskóla. Verkefnið var tvíþætt, annar vegar samstarf norðlenskra framhaldsskóla í s.k. Samnor samstarfi og hinsvegar í nærumhverfi í samstarfi við Grunnskóla Fjallabyggðar.

Samstarf í nærumhverfi

Verkefnið fór fljótlega af stað haustið 2018 með samstarfs- og undirbúningsfundum með fulltrúum úr Grunnskóla Fjallabyggðar. Innan Menntaskólans var á haustdögum 2018 stofnað sérstakt stoðþjónustuteymi skipað náms- og starfsráðgjafa, aðstoðarskólameistara, sérkennara auk þess sem sálfræðingur skólans var kallaður til þegar þurfa þótti. Markmiðið með stoðþjónustuteyminu var að útfæra þjónustu skólans við nemendur sem voru stirðir til náms með því að: finna leiðir til að mæta námslegum styrkleikum, vera kennurum til ráðgjafar um kennslu, samstarf við grunnskóla, styrkja stoðþjónustu skólans, leggja tillögur um sérkennslu fyrir skólameistara.

Samstarf við grunnskólann leiddi af sér að út samræmt eyðublað sem foreldrar fylla út í grunnskóla sem gefur leyfi til að málefni og námsupplýsingar viðkomandi nemenda séu rædd milli grunn- og framhaldsskóla áður en nemandi kemur til náms. Reyndist þetta gagnlegt og reyndi á þá samvinnu strax. Þegar foreldrar mættu í nýnemaviðtal var hægt að skipuleggja samstarf sem fylgt var vel eftir bæði með símtölum og tölvupóstum. Stoðþjónusta var skipulögð í skólanum og viðtöl eftir þörfum við námsráðgjafa eða sálfræðing eftir því sem við átti. Stoðþjónustuteymi fór yfir málefni nemenda þegar það átti við og námsstuðningur metinn og útfærður. Við innritun núna vorið 2019 er farið vel yfir skilgreiningar þar sem það á við með

grunnskóla og verið er að undirbúa móttöku í haust í samræmi við þróun þessa verkefnis síðastliðinn vetur. Samstarfið hófst á meðan nemendur eru í grunnskóla þegar vitað er að þær ætla að sækja nám í MTR að grunnskóla loknum. Grunnskóli hefur frumkvæði að samstarfinu þegar það á við.

Þetta verkefni átti auk þess að skoða þætti eins og samþættingu sérkennslu, á það reyndi ekki í vetur en stoðþjónustuteymi innan skólans varð til, þar sem farið er yfir þverfaglega námslega- og félagslega stöðu nemenda og viðeigandi ráðstafanir gerðar í framhaldinu ef þurfa þykir. Verkferlar voru því mótaðir og hlutverk sérkennara skilgreint.

Hugmyndin um starfsfóstra kom ekki til framkvæmdar í vetur þar sem ekki þótti ástæða til að þessu sinni en hugmyndin er fyrir hendi og mun nýtt þegar það á við síðar. Nýtt var formleg þekking á eldra verkefni um skuldbindingu sem hlaut styrk 2016.

Verkefnið tók sérstaklega til samskipta við forráðmenn. Reynslan sýndi að þétt samskipti í tölvupósti og síma virki vel eftir nýnemaviðtal. Reynslan var einnig sú að eftirsóknarvert er að grunnskóli og framhaldsskóli standi að sameiginlegum fundi til að tryggja að upplýsingaflæði sé rétt og góður skilningur milli aðila sé í samræðu um skólaskil.

Mat á verkefninu, hvernig var það metið og hver var árangurinn?

Árangur skv. þessu verkefni átti að mæla með spurningalistum til forráðamanna og foreldra. Það var ekki gert. Nemendunum hefur farnast vel í MTR og gríðarlega mikilvægt var að eiga samstarf strax frá upphafi við foreldra og grunnskólann. Ljóst er að verkefnið í vetur er upphafið á þróun samfellu milli Grunnskóla Fjallabyggðar og MTR en lengri tíma þarf til að festa verkferla í sessi og læra hvernig nemendur eru best þjónustaðir á skólaskilum. Lærdómurinn er líka að mikilvægt er að grunnskóli og framhaldsskóli haldi sameiginlega fund með foreldri/forráðamönnum þegar kemur að námsvali og upplýsingagjöf þegar nemandi er að flytjast á milli. Aukinheldur er það líka niðurstaðan að vinna að því að útbúa einhverskonar rafrænt utanumhald sem héldi utan um allan feril og upplýsingar vegna nemandans og staðsetti hann í þeirri þjónustu sem hann á rétt á að fá og þarf í skólanum. Það væri því auðvelt að fylgjast með stöðu hans og halda utan um hvað hefði virkað vel, styrkleika og aðrar námsupplýsingar. Mestu skiptir að verkferlar voru skilgreindir og samstarf milli skólanna um þá.

Hvernig nýtist verkefnið í áframhaldandi skólastarfi?

Þetta verkefni hefur komið á mikilvægu samtali og samvinnu við Grunnskóla Fjallabyggðar um samfellu í námi/tilfærslu nemenda milli skólastigi. Það samstarf mun halda áfram og vonandi verða þróað við fleiri grunnskóla á svæðinu. Auk þess verður unnið að því að búa til einhverskonar rafrænt utanumhald sem samrýmist persónuverndarlögum til að halda enn betur um þessa nemendur.

Samstarf norðlenskra framhaldsskóla, Samnor

Síðast liðinn vetur var haldið áfram samstarfi norðlenskra framhaldsskóla þ.e. Framhaldsskólans á Húsavík, Framhaldsskólans á Laugum, Menntaskólans á Akureyri, Menntaskólans á Tröllaskaga og Verkmenntaskólans á Akureyri. Einn þátta í því samstarfi er samfella grunn- og framhaldsskóla. Áhersla er á þrjá þætti en það eru að nemendur sem:

- ljúka grunnskólanámi í lok 9. bekkjar geti hafið nám í framhaldsskóla
- hafa lokið námsmarkmiðum í tiltekinni grein áður en þeir ljúka 10. bekk geti hafið nám í þeirri grein í framhaldsskóla
- eru stíðir til náms fá stuðning á skólaskilum, upplýsingar berist og komið sé á móts við nemandann eins og best verður á kosið.

Haldinn var fundur með fulltrúum allra grunnskóla, framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og háskóla á svæðinu. Var þetta s.k. ársfundur Samnor. Þar kom fram að grunnskólum var ekki í öllum tilfellum ljóst hvernig haga bæri einkunnagiöf þannig að upplýsingar kæmu skýrt á milli. Í framhaldinu var haldinn annar fundur með fræðslustjórum á svæðinu þar sem farið var nákvæmlega yfir hvers konar námsmat skipti máli og var þar helst rætt um s.k. stjörnumerkingar og texta í námsmati. Sömu þættir og verið er að horfa til í nærumhverfi koma inn í samstarfið á norðlenskum vettvangi.

Samantekt

Þrátt fyrir að brotthvarf sé lítið í skólanum teljum við að vinna við samfellu milli skólastiga sé gríðarlega mikilvæg og reiknum með að vinna áfram öflugt á því sviði.